

Geðhjálp fagnar orðum forsætisráðherra

STJÓRN Geðhjálpar hefur samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Geðhjálpar fagnar yfirlýsingu forsætisráðherra um geðheilbrigðismál í stefnuræðu sinni á Alþingi. Þar lagði forsætisráðherra áherslu á að lagður yrði grunnur að aðgerðum í geðheilbrigðismálum í samræmi við þær áherslur sem eru í Heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Orðrétt sagði forsætisráðherra: „Þessir sjúkdómar eru taldir valda meira vinnutapi og kostnaði fyrir samfélagið en flestir aðrir sjúkdómsflokkar sem undirstrikar mikilvægi þess að bregðast við þeim af mikilli alvöru.“ Geðhjálp fagnar þessari áherslubreytingu ekki síst í ljósi þeirra þrenginga og niðurskurðar sem geðsjúkir og aðstandendur þeirra hafa tilfinnanlega fundið fyrir á þessu ári. Geðhjálp lýsir yfir fullum vilja til samstarfs við yfirvöld um bættu geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Stjórn félagsins telur að árangursríkasta leiðin til úrbóta sé að leita til þeirra sem reynslu hafa af því að nota geðheilbrigðiskerfið. Það er okkar trú að samstarf opnberra aðila og Geðhjálpar á þessum vettvangi geti skipt sköpum. Áfram mun félagið sýna yfirvöldum aðhald enda lítur stjórn Geðhjálpar svo á að það sé forsenda árangurs.“